



Fréttabréf

Verkalýðsfélags Akraness

1. maí 2006

Netföng: skrifstofa@vfa.is og vfa@vfa.is • Heimasíða: www.vfa.is •

Svartur dagur hjá íslensku launafólki

Það var svartur dagur hjá íslenskum launþegum þegar lagafrumvarp Jóns Kristjánssonar félagsmálaráðherra um að aflétta takmörkunum á innflutningi vinnuafis frá nýjum aðildarríkjum Evrópusambandsins frá og með deginum í dag, 1. maí, var lagt fram. Samkvæmt því verður borgurum viðkomandi ríkja heimilt að koma hingað í atvinnuleit og ráða sig í vinnu án atvinnuleysis en vinnuveitendur verða að tilkynna um ráðningu til Vinnumálastofnunar. Þegar fréttabréf VLFA fór í prentun hafði frumvarpið verið afgreitt óbreytt frá félagsmálanefnd Alþingis og því yfirgæfandi líkur á að það verði að lögum.

Á aðalfundi Verkalýðsfélags Akraness 26. apríl var ályktað um málið og þar segir m.a.:

„Það verða kallar kveðjur sem Alþingi Íslendinga sendir íslenskum launþegum á sjálfan baráttudag launafólks 1. maí nk. ef frumvarp félagsmálaráðherra verður samþykkt óbreytt.“

Ályktunin er birt hér á blaðsíðu 4.

Hlutverk verkalýðsfélaga

Forsenda þess að fá atvinnuleyfi í dag fyrir erlent vinnuafli er að ekki séu Íslendingar til í þau störf sem óskað er eftir að manna með erlendu vinnuafli.



Frá kröfugöngu 1. maí í fyrra.

Ljósmynd: Magnús Magnússon/Skessuhorn

Einnig þurfa atvinnurekendur að leggja fram til stéttarfélaganna ráðningarsamninga til umsagnar. Með því er tryggt að stéttarfélögin hafa góða yfirsýn yfir það sem er að gerast á viðkomandi starfssvæði. Samkvæmt frumvarpinu þurfa atvinnurekendur ekki að leggja fram ráðningarsamninga til stéttarfélaganna sem er klárlega mikil afturför og gerir stéttarfélagunum mun erfiðara að fylgjast með því hvort verið sé að brjóta á réttindum erlendra

starfsmanna. ASÍ hefur lagt til að farin verði svokölluð danska leið en þá þarf áfram að sækja um atvinnuleyfi fyrir erlenda starfsmenn frá hinum nýju aðildarríkjum EES. Einnig má benda á að íslensk stjórnvöld hafa ekki séð sóma sinn í því að láta þýða íslenska kjarasamninga yfir á tungumál umræddra landa og því afar erfitt fyrir erlenda starfsmenn frá ríkjum EES að vita hver réttindi þeirra eru á íslenskum vinnumarkaði.

Verkalýðsfélag Akraness
sendir öllum félagsmönnum
árnaðaróskir
á baráttudegi verkafólks.
Stöndum vörð
um réttindi okkar!

Ný reglugerð um Sjúkrasjóð veitir viðtækari réttindi

Í ljósi góðrar afkomu VLFA ákvað stjórn Sjúkrasjóðs að stórauka réttindi félagsmanna hvað varðar réttindi í veikindum. Á aðalfundi VLFA var ný reglugerð sjúkrasjóðs samþykkt og mun hún klárlega veita félagsmönnum mun betri og viðtækari réttindi í veikinda- og slysatilfellum en áður hafa þekkt hjá félaginu. Sjá nánar um Sjúkrasjóð á bls. 7.

Ágætu félagsmenn

Það er óhætt að segja að mörg brýn verkefni sem lúta að hagsmunagæslu fyrir félagsmenn séu framundan hjá Verkalýðsfélagi Akraness. Nægir þar að nefna mál eins og þann mikla launamun sem ríkir á milli starfsmanna sem vinna hjá ríkinu og hjá þeim sem starfa hjá sveitafélagunum. Launamunur á sambærilegum störfum getur numið allt að 40 þúsund krónum á mánuði, starfsmönnum ríkisins í óhag. Hér er um aðkallandi verkefni að ræða því að þessi launamunur er með öllu óviðunandi.

Það liggur líka fyrir að verkafólk á hinum almenna vinnumarkaði hefur hreinlega setið eftir hvað varðar kauphækkanir þegar mið er tekið af öðrum hópum í samfélaginu. Það gengur ekki lengur upp að þeir sem lægstu hafa launin séu enn og aftur látnir bera ábyrgð á stöðugleika efnahagslífsins í þessu landi. Frá því skrifað var undir kjarasamninginn 7. mars 2004 hefur kaupmáttur verkafólks á hinum almenna vinnumarkaði rýrnað allverulega. Forsendunefnd kjarasamninga sem mun fjalla um endurskoðun á kjarasamningum í haust verður að koma með sérstaka leiðréttingu til handa verkafólki á hinum almenna vinnumarkaði. Ef ekki næst samstaða um það þá er ekkert annað í stöðunni en að segja kjarasamningum upp og sækja þá leiðréttingu með fullu afli.

Fleiri brýn verkefni biða úrlausnar í kjarabaráttu félagsins. Til dæmis eiga starfsmenn Norðurláls og stjórn Verkalýðsfélags Akraness afar erfitt með að sætta sig við þann launamun sem er á milli Norðurláls og Alcan því hér er um sambærileg störf að ræða. Því miður eru

kjör starfsmanna Norðurláls mun lakari en starfsmanna Alcan. Þó náðist að jafna nokkur sjálfsögð kjaraatriði við gerð síðasta kjarasamnings. Rót þessa vanda liggur hins vegar allt aftur til þess þegar fyrsti kjarasamningurinn við Norðurlál var gerður en sá kjarasamningur var afsþyrnu slakur og launakjör ekki í nokkru samræmi við störf í sambærilegum iðnaði. Það er formanni Verkalýðsfélag Akraness reyndar óskiljanlegt af hverju eigendum Norðurláls var veittur slíkur afsláttur við gerð kjarasamningsins 1998. Verkalýðsfélag Akraness mun að sjálfsögðu halda áfram að gera allt til þess að laun starfsmanna Norðurláls verði í samræmi við launakjör starfsmanna Alcan.

Atvinnuhorfur á okkar félagssvæði eru nokkuð góðar þessa stundina sem endurspeglast í stækkun Norðurláls og þeirri miklu uppbyggingu sem fylgir. Nú hafa forsvarsmenn Norðurláls tekið ákvörðun um að flýta stækkun Norðurláls uppí 260 þúsund tonn og verður þeim framkvæmdum lokið seinni part ársins 2007. Þó svo að störfum fjölgi töluvert á Grundartangasvæðinu þá má ekki gleyma því að við höfum líka tapað störfum á svæði félagsins. Þar á ég við fyrirtækið HB Granda, en störfum á Akranesi hjá HB Granda hefur fækkað um allt að 45 á einu ári. Búið er að leggja tveimur skipum, þ.e. skuttogaranum Haraldi Böðvarssyni og núna síðast loðnuskipinu Víkingi og einnig hefur starfsfólki í landvinnslunni fækkað töluvert. Það er skylda okkar Skagamanna að standa vörð um þau störf sem tengjast sjávarútvegi því þau eru mjög mikilvægur þáttur í atvinnulífi okkar. Ennþá er HB Grandi



sá vinnustaður sem skilar samfélaginu hér á Akranesi hvað mestum tekjum, en ef fer sem horfir verður það ekki mikið lengur.

Við stöndum líka frammi fyrir því að erfiðlega hefur gengið að ráða í ýmis störf hér á félagssvæði okkar vegna þenslu síðustu missera. Atvinnurekendur hafa í auknu mæli leitað að erlendu vinnuafla til að manna þau störf sem erfiðlega hefur gengið að fá starfsfólk í. Ég óttast þessa þróun, einfaldlega vegna þess að því markaðslaunakerfi sem við höfum komið okkur upp á liðnum árum og áratugum er ógnað með frjálsum flæði erlends vinnuafls inn í landið. Reynslan sýnir okkur að til eru atvinnurekendur sem víla ekki fyrir sér að misbjóða erlendu verkafólki, bæði hvað snertir aðbúnað og starfskjör.

Það verður áfram eitt af stóru verkefnum að viðhalda því markaðslaunakerfi og einnig að tryggja að lög og kjarasamningar séu virtir – sama hver á í hlut.

Með baráttukveðju,

Vilhjálmur Birgisson

Afsláttur í ferjur og göng

Félagsmenn VFLA geta keypt afsláttareiningar (40-60%) í Vestmannaeyjarferjuna **Herjólf** og Breiðafjarðarferjuna **Baldur** á skrifstofu félagsins. Félagsmenn geta einnig keypt stakar ferðir í gegnum Hvalfjarðargöngin á 600 krónum á skrifstofu félagsins.

Veðiuleyfi

Félagar í VLFA, makar þeirra og börn innan 16 ára geta sem fyrr fengið frítt veðiuleyfi í Eyrarvatni, Þórisstaðavatni og Geitabergsvatni í Svinadal. Einnig eiga félagsmenn frían aðgang að tjaldstæði á Þórisstöðum.

Tjaldstæði

Félagið hefur endurnýjað samning við STJÁ um frían aðgang félagsmanna að tjaldstæðinu á Þórisstöðum gegn framvísun félagsskýrteinis.



Nr 3. 2. árgangur 1. maí 2006
Útgefandi: Verkalýðsfélag Akraness
Sunnubraut 13 - 300 Akranes
Sími: 430-9900 - Fax: 430-9901
Netf.: skrifstofa@vlfa.is og vlfa@vlfa.is
Heimasíða: www.vlfa.is
Ábm: Vilhjálmur Birgisson

Umsjón texta: Kristján Kristjánsson
Umbrot: Uppheimar
Prentun: Prentverk Akraness



1. maí á Akranesi Ísland allra!



Safnast verður saman við Kirkjubraut 40 kl. 14 og genginn hringur á Neðri-Skaga.
Að göngu lokinni verður hátíðardagskrá í sal á 3ju hæð Kirkjubrautar 40

Ræðumaður dagsins: **Gunnar Páll Pálsson formaður VR**
Hljóðfæraleikur - upplestur - söngur
Kaffiveitingar

Frítt í bíó fyrir börnin í Bíóhöllinni kl. 15.00

Sjúkraliðafélag Íslands, Verkalýðsfélag Akraness, Félag iðn- og tæknigreina,
Kennarasamband Íslands, Starfsmannafélag Akraness og Verslunarmannfélag Reykjavíkur
standa fyrir dagskrá á hátíðar og baráttudegi verkafólks 1. maí

Varðan veitir þér aukaafslátt af tryggingum

Kynntu þér hvað við getum gert meira fyrir þig á landsbanki.is.



Landsbankinn

Njóttu þess að vera í **Vörðunni**



Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness flytur fundarmönnum skýrslu stjórnar.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var haldinn 27. apríl sl. Formaður félagsins, Vilhjálmur Birgisson flutti skýrslu stjórnar og endurskoðandi félagsins, Jón Þ. Hallsson, fór yfir reikninga liðins árs. Kom fram í máli hans að afkoma félagsins væri mjög góð.

Rekstur félagssjóðs hefur á fyrstu tveimur starfsárum nýrrar stjórnar gjörbreyst til batnaðar. Þegar ný stjórn tók við 19. nóvember 2003 var félagssjóður rekin með tveggja og hálfir milljóna króna yfirdætti. Í dag á félagssjóður hins vegar tæpar 15 milljónir inni á reikningi og er að skila rekstrarafgangi upp á tæpar 7 milljónir. Innheimta á vangreiddum iðgjöldum hefur verið

tekin föstum tókum hjá stjórn félagsins en það er megin ástæða fyrir auknum tekjum þótt ytri aðstæður eigi þar einnig töluverðan þátt.

Á aðalfundinum var ný reglugerð sjúkrassjóðs samþykkt og mun hún klárlega veita félagsmönnum mun betri og viðtækari réttindi í veikinda og slysatilfellum heldur en áður hafa þekkt hjá félaginu.

Á fundinum var samþykkt ályktun um frumvarp um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkum EES en landið mun galopnast fyrir launafólki frá nýjum aðildarríkum EES ef frumvarp félagsmálaráðherra verður að veruleika.

Ályktun um frjálst flæði launafólks 1. maí

Akranesi 26. apríl 2006

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness skorar á íslensk stjórnvöld og Alþingi Íslendinga að afnema alls ekki takmarkanir á frjálsri för launafólks frá hinum nýju aðildarríkum EES eins og fyrirhugað er að gera samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi félagsmálaráðherra.

Aðalfundurinn telur það á mælisvert að íslensk stjórnvöld hafi ekki látið gera úttekt eða rannsókn á því hvaða áhrif erlent vinnuafli hefur haft á íslenskan vinnumarkað áður en tekin er ákvörðun um það að galopna landið fyrir launafólki frá nýjum aðildarríkum EES.

Aðalfundurinn telur að því markaðs-launakerfi sem viðgengist hefur á íslenskum vinnumarkaði á liðnum árum og áratugum sé stórlega ógnað ef það frumvarp sem nú liggur fyrir Alþingi fer í gegn óbreytt.

Aðalfundurinn telur það einnig óskiljanlegt af hverju verið er að skerða eftirlitshlutverk stéttarfélaganna með erlendu vinnuafli eins og fram kemur í fyrirbyggjandi frumvarpi félagsmálaráðherra. Ljóst er að á stéttarfélögum hvílir rík skylda til að tryggja að á félagssvæði þeirra sé unnið samkvæmt íslenskum lögum og kjarasamningum og hafa stéttarfélagin þar viðtækra hagsmuna að gæta.

Það verða kallar kveðjur sem Alþingi Íslendinga sendir íslenskum launþegum á sjálfan baráttudag launafólks 1. maí nk. ef frumvarp félagsmálaráðherra verður samþykkt óbreytt.

Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness skorar á íslenska launþega að fylgjast með því hvernig þingmenn greiða fyrirbyggjandi frumvarpi um frjálsa för launafólks frá hinum nýjum aðildarríkum EES atkvæði sitt.

25% afsláttur af líkamsræktarkortum

Frá 15. maí næstkomandi ætla Verkalýðsfélag Akraness að bjóða fullgildum félögum 25% afslátt af kortum sem veita aðgang að Íþróttamiðstöðinni að Jaðarsbökkum og í íþróttahúsinu á Vesturgötu. Svo dæmi sé tekið þýðir þetta að árskort í þrek og sund sem kostar

25.000 kr kostar 18.750 til félagsmanna VLFA og fyrir árskort í sund sem kostar 15.000 kr greiðir félagsmaður VLFA kr. 11.250.

Sama á við um 6 og 3 mánaða kort. Félagar geta nálgast kortin á skrifstofu félagsins þar sem þau verða til sölu.

www.vlfa.is



Þau réttindi sem verkamenn búa við í dag náðust með langri baráttu - Stöndum vörð um réttindi okkar. Kröfuganga 1. maí á 9. áratugnum. Ljós. H.B



Lífeyrissjóður Vesturlands

Meginniðurstöður ársreiknings lífeyrissjóðsins

Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

	2005 Í þús. kr.	2004 Í þús. kr.
Fjárfestingartekjur, nettó	1.708.753	1.514.372
Iðgjöld	707.752	555.001
Lífeyrir	(363.965)	(324.806)
Fjárfestingargjöld	(20.366)	(17.242)
Rekstrarkostnaður	(18.730)	(15.567)
Hækkun á hreinni eign á árinu:	2.013.444	1.711.758
Hrein eign frá fyrra ári:	11.295.059	9.583.301
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris:	13.308.503	11.295.059

Efnahagsreikningur

Fjárfestingar:		
Verðbréf með breytilegum tekjum	4.043.732	2.816.359
Verðbréf með föstum tekjum.....	8.821.962	7.970.393
Veðlán	1.221	4.384
Bundin innlán	313.732	302.224
Fjárfestingar:	13.180.647	11.093.360
Annað:		
Kröfur á viðskiptamenn.....	136.707	159.623
Aðrar eignir	30.891	44.870
Viðskiptaskuldir	(39.742)	(2.794)
Annað:	127.856	201.699
Hrein eign til greiðslu lífeyris:	13.308.503	11.295.059

Ýmsar kennitölur

Nafnávöxtun.....	14,76%	15,48%
Raunávöxtun	10,19%	11,13%
Hrein raunávöxtun (að teknu tilliti til rekstrarkostnaðar)	10,03%	10,97%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu fimm ára	5,82%	3,26%
Hrein raunávöxtun, meðaltal síðustu tíu ára	6,51%	6,29%
Hrein eign umfram heildarskuldbindingar	2,00%	-2,10%
Hrein eign umfram áfallnar skuldbindingar	8,70%	7,10%
Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum	51,43%	58,52%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	0,15%	0,15%
Stöðugildi	3,3	2,9
Nafnávöxtun séreignardeildar	11,22%	9,79%
Raunávöxtun séreignardeildar	6,80%	5,66%
Hrein raunávöxtun séreignardeildar	6,63%	5,23%

Akranesi, 13. mars 2005

Stjórn Lífeyrissjóðs Vesturlands:

Áslaug Þorvaldsdóttir
Kristján Jóhannsson

Einar Karlsson
Þórarinn Helgason

Ellert Kristinsson
Bergþór Guðmundsson

Gylfi Jónasson
framkvæmdastjóri

Ársfundur Lífeyrissjóðs Vesturlands verður haldinn þriðjudaginn
16. maí nk. kl: 17:00 á Hótel Ólafsvík, Ólafsbraut 20, Ólafsvík.

Kirkjubraut 40 • 300 Akranes • Sími: 431-1577 • Fax: 431-2841 • www.lifvest.is



Skrifstofa félagsins

Skrifstofa Verkalýðsfélag Akraness er að Sunnubraut 13. Hún er opin alla virka daga frá kl. 09:00-16:00. Utan afgreiðslutíma félagsins er hægt að ná í formann félagsins, Vilhjálmm Birgisson, í síma 865-1294.

Þjónusta við félagsmenn

Skrifstofa félagsins annast alla þjónustu fyrir félagsmenn, svo sem aðstoð vegna kaup og kjaramála, upplýsingar um réttindi vegna veikinda og slysa, útleigu orlofsbúða og orlofshúsa. Til skrifstofunnar geta félagsmenn leitað eftir upplýsingum og annarri aðstoð. Fundaraðstaða er að Sunnubraut 13 en allir stærri fundir eru haldnir í húsnæði félagsins að Kirkjubraut 40.

Félagsgjöld

Skrifstofa félagsins annast innheimtu á félagsgjöldum og skyldum gjöldum. Félagsgjald er 1% af launum og skila launagreiðendur því ásamt sjúkrasjóðs-, orlofsjóðs- og starfsmenntasjóðsgjöldum til félagsins.

Starfsmenn skrifstofu

Vilhjálmmur Birgisson, formaður
vilhjalmur@vlfa.is
Björg Bjarnadóttir
skrifstofufulltrúi
bjorg@vlfa.is
Auður Finnbogadóttir,
skrifstofufulltrúi
audur@vlfa.is

Ókeyp lögfræðisþjónusta

Að gefnu tilefni viljum við minna á að félagsmenn geta fengið ókeypis lögfræðiráðgjöf hjá lögmanni félagsins með því að panta sér viðtalstíma á skrifstofu félagsins í síma 430-9900.

Sumarúthlutun orlofshúsa 2006

Aðsókn í orlofshús félagsins var mjög góð því alls bárust 184 umsóknir um dvöl í þeim í sumar. Fyrstu úthlutun er lokið og fengu allir umsækjendur sent bréf frá félaginu þar sem þeir voru upplýstir um hvort og þá hvaða hús féll þeim í skaut. Greiðslufrestur hjá þeim sem fá úthlutað úr fyrstu úthlutun

er núna 3. maí. Stefnt er að því að annarri úthlutun verði lokið 10. maí og greiðslufrestur er til 17. maí. Eftir það verða lausar vikur auglýstar á vefsíðu félagsins www.vlfa.is og gildir um þær sú ágæta regla: „Fyrstur kemur – fyrstur fær“. Hægt er að bóka þessar vikur á skrifstofu félagsins.



Félagið hefur fengið leigða bústaði í Úthlíð, Biskupstungum í sumar. Leigutíminn skiptist á milli tveggja bústaða, Stórubungu og Breiðubungu. Bústaðirnir eru 60 fm og með heitum potti. Í bústöðunum svefnpláss og sængur fyrir 8. Gasgrill og plasthúsgögn eru á verönd. Nauðsynjavörur fást í þjónustumiðstöðinni í Hlíðarlaug sem opin er alla daga frá 10-22. Sundlaug, 9 holu golfvöllur, verslun, veitingastaður og hestaleiga er í göngufæri. Heimilisdyr má hafa, en ekki laus.

Lyklar eru afhentir í þjónustumiðstöð í Hlíðarlaug gegn framvísun leigusamnings.

Breytingar á skrifstofu VLFA

Í byrjun árs sagði Hugu Ólga Guðjónsdóttir starfi sínu lausu sem framkvæmdastjóri félagsins en hún hafði gegnt starfinu með miklum sóma frá 23. mars 2004. Stjórn félagsins samdi við Hugu Ólgu um að sjá um skattframtalsaðstoð fyrir félagið í ár og hafa aldrei eins margir félagsmenn nýtt sér þessa þjónustu. Stjórn Verkalýðsfélags Akraness vill þakka Hugu Ólgu Guðjónsdóttir kærlega fyrir gott samstarf og óskar henni velfarnaðar í nýju starfi. 18 manns sóttu um þegar starf á skrifstofu félagsins var auglýst og ákvað stjórn félagsins að ráða Björgu Bjarnadóttur.

Skipulagsbreytingar

Stjórn félagsins ákvað að gera skipulagsbreytingar á skrifstofu félagsins eftir að Hugu Ólga lét af störfum. Stöðuheitið framkvæmdastjóri var lagt niður og gegnir formaður félagsins stöðu yfirmanns á skrifstofunni og ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins gagnvart stjórn félagsins. Jafnframt var ákveðið að starfsheiti starfsmanna á skrifstofu félagsins með formanni skuli vera skrifstofufulltrúi. Auður Finnbogadóttur sér um stóran hluta af því starfi sem framkvæmdastjór gegndi áður, s.s. greiðslu reikninga, afgreiðslu á sjúkrabótum til félagsmanna og



Björg Bjarnadóttir, nýr starfsmaður á skrifstofu félagsins, hóf störf í byrjun febrúar.

önnur tilfallandi verk. Bókhald félagsins er nú fært á skrifstofu félagsins en þá þjónustu keypti félagið áður af Endurskoðunarskrifstofu Jóns Þórs Hallssonar. Þessi ákvörðun stjórnar félagsins hefur og mun spara félaginu umtalsverðar fjárhæðir þegar til lengri tíma er litið.

Verkalýðsfélag Akraness
Símanúmer 431 300 Akranes Fax 430 9001 | skrifstofa@vlf.is

Viltu gerast áskrifandi?

26. apríl 2006 23:17
Aðalfundur Verkalýðsfélags Akraness samþykkti ályktun um frjálsa för launafólks frá EES

Áðalfundur Verkalýðsfélags Akraness var að þjáka rétt í þessu. Fundur gekk mjög vel og var mæting alls þesslegru. Endurskoðandi félagsins fór yfir reikninga félagsins og kom fram í máli endurskoðanda að afkoma félagsins væri mjög góð.

Ný reglugerð sjúkrasjóðs var samþykkt og mun hún klárlega veita félagsmönnum mun betri og vottakart réttindi í veikindum og sýsastíðum heilum en áður hafa þekkt hjá félagsi.

Áðalfundur félagsins samþykkti ályktun um frjálsa för launafólks frá nýjum aðildarríkum EES. En landið mun gæta þess fyrir launafólki frá nýjum aðildarríkum EES af frumvarp félagsráðgjafanna verður að veruleika.

Ályktunin er hægt að lesa með því að smella á meira mæla...

25. apríl 2006 15:47
Stjórn VLFA minnir á aðalfundinn á morgun!

Stjórn VLFA vill minna félagsmenn á aðalfundinn sem haldinn verður annað kvöld kl. 20:00 að Kirkjubraut 40, 3. hæð.

Máttal dagskrárlífa er kynning stjórnar á sjúkrasjóði og endurskoðandi kynningar verða breyttingar á reglugerð sjúkrasjóðs og endurskoðandi félagsins kynna áhersluáhrifa 2005.

Félagsmenn eru eindregið hvattir til að mæta og hafa þannig áhrif á starfssemi félagsins. Kaffi veitingar í boði.

Eiga stjórnvöld að afhenna takmarkanir á frjálsi för launafólks frá nýjum aðildarríkum EES? 3-mál nk.

Já 35,1%

Nei 58,8%

Alveg sama 2,1%

Fréttabréf

Vefur VLFA

Það hefur verið eftir því tekið hversu lifandi vefur VLFA er og er hann mikið skoðaður. Fjölmiðlar vita að ef þá vantar upplýsingar um hvað er að gerast í málunum - þá skoða þeir www.vlfa.is - Félagsmenn vita slík hið sama því á vefnum er að finna allar þær upplýsingar sem þeir þurfa á að halda.

www.vlfa.is



Félögum í VLFA fjölgaði um 71 á síðasta ári en þeir voru í árslok 1.878. Mikil umsvif hafa verið á starfssvæði félagsins og miklar byggingaframkvæmdir t.a.m. á Akranesi.

Sjúkrasjóður eflist

Stjórn sjúkrasjóðsins fékk lögmann Verkalýðsfélags Akraness til að búa til algerlega nýja reglugerð byggða að stórum hluta á nýjum viðmiðunarreglugerð ASÍ fyrir sjúkrasjóði stéttarféлага innan sambandsins sem stéttarfélögum verður skylt að taka upp 1. júlí nk.

Það er alveg ljóst að nýja reglugerðin er til mikilla hagsbóta fyrir félagsmenn. T.d. mun félagsmaður fá 80% af launum sínum eftir að greiðsluskyldu atvinnurekanda lýkur, þó að hámarki 250 þúsund á mánuði.

Styrkir jukust um 14%

Afkoma sjúkrasjóðs var mjög góð á síðasta ári þrátt fyrir að stjórn sjóðsins

hafi aukið við styrkveitingar til félagsmanna en styrkir jukust um 14% á milli ára og iðgjaldatekjur sjóðsins jukust um 33%.

Tekjur sjóðsins voru kr. 39.908.489 en rekstrarkostnaður kr. 21.383.435 og hagnaðurinn því kr. 18.315.763. Árið 2003 var hagnaður sjóðsins 9.972.720. Hagnaður jókst því um 83,6% á milli ára 2003 og 2005.

Ein skýring þessarar aukningar á iðgjöldum sjúkrasjóðsins er sú að nú er greitt af öllum launum sjómanna en áður var einungis greitt af tryggingu sjómanna. Einnig er aukningu á iðgjöldum sjóðsins að þakka gjörbreyttum innheimtuaðferðum á iðgjöldum félagsins.

**Sendum
félagsmönnum
Verkalýðsfélags
Akraness kveðju í
tilefni af 1. maí**

VIGNIR G. JÓNSSON HF
Smiðjuvöllum 4 S: 431-5000

MODEL

Stillholti 18 S: 431-3333

JÓN Þ. HALLSSON

Smiðjuvöllum 7 S: 430-2400

VIÐSKIPTAÞJÓNUSTA

AKRANESS

Stillholti 23 S: 431-3099

PENNINN

Kirkjubraut 54 S: 431-1855

HARÐARBAKARÍ

Kirkjubraut 54 S: 431-2399

TRÉSM. ÞRÁINS E. GÍSSLASS.

Hafnarbraut 8 S: 430-3660

SMURSTÖÐ AKRANESS

Smiðjuvöllum 2 S: 431-2445

BIFREIÐASTÖÐ ÞÞÞ

Dalbraut 6 S: 431-1500

VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS

Stillholti 16-18 S: 560-5075

Sjúkrasjóður Verkalýðsfélags Akraness

sendir öllum félagsmönnum
kveðju í tilefni dagsins.

Stöndum vörð
um réttindi verkafólks

Sendum félagsmönnum Verkalýðsfélags Akraness baráttukveðjur 1. maí




Akraneskaupstaður

ÍSTAK



HB GRANDI



LAUGAFISKUR HF

smellinn
FORSTEYPT EININGAHÚS
frá Þorgeiri & Helga



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports



GÁMA



nordanfiskur



BLIKKSMIÐJA
GUÐMUNDAR J.
HALLGRÍMSSONAR ehf.



GLUGGA- OG
GLERHÖLLIN

HÍBÝLAMÁLUN
GARDARS JÓNSSONAR EHF
Símar: 431 2646 • 431 4056 • 896 2356

NA **NORÐURÁL**
Century ALUMINUM

SHA
Sjúkrahúsið og heilsugæzslustöðin á Akranesi